

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 25. ágúst 1989 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 327 21. júní 1982 um friðunarsvæði við Ísland með áorðnum breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. ágúst 1989.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ****um bann við tog- og dragnótaveiðum vestur af Vestmannaeyjum.**

## 1. gr.

Frá og með 29. ágúst 1989 eru allar togveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði vestur af Vestmannaeyjum er markast af línun, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

1. Blátindur
2. Einidrangur
3. Geirfuglasker
4. Stórhöfði

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. ágúst 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Hjörtur Guðmundsson.*